



Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 480 8220 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/175
komudagur 11.11.2011

Selfossi, 11. nóvember 2011
1111021HS SG

Efni: Umsagnir er varða þingskjöl nr. 138 og 61

Með vísun í erindi til Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi eru eftirfarandi umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á frumvörpum til breytinga á matvælalögum, annars vegar þingskjál nr. 138 og hins vegar þingskjál nr. 61.

Þingskjál 138

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli nr. 93/1995, msbr. sem fjallar annars vegar um niðurfellingu á starfsleyfisskyldu til einstaklinga og félagasamtaka sem matreiða og bjóða til sölu matvæli í góðgerðarskyni og sambærilegt, þar sem lagt er til að breyting verði gerð á 2. gr. laganna.

Hins vegar er um að ræða breytingu á sömu grein sem heimili ráðherra að víkja frá einstökum ákvæðum laganna þegar um er að ræða frumframleiðendur sem afhenda frumframleiðsluvörur í litlu magni beint til neytenda eða til staðbundins smásölufyrirtækis.

Þingskjál 61

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli nr. 93/1995, msbr. þar sem flutningsmenn eru Sigurður Ingi Jóhannsson, Ásmundur Einar Daðason, Vigdís Hauksdóttir, Höskuldur Þórhallsson og Eygló Harðardóttir.

Frumvarp þetta fjallar eingöngu um rýmkun á leyfisskyldu vegna sölu matvæla í góðgerðarskyni eða sambærilegt, sem ekki eru unnin í sérstökum eftirlitsskyldum eldhúsum. Er þá lagt til að 9. gr. laganna verði breytt.

Umsögn Heilbrigðiseftirlit Suðurlands:

Tilgangur ofangreindra laga um matvæli msbr. nr. 93/1995 er skýr, sem er „að tryggja sem kostur er gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar séu réttar og fullnægjandi“.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands leggst gegn því að 1. grein tillögunnar í **þingskjali 138** verði samþykkt, þ.e. með því að setja umrædda breytingu inn í 2. gr. laganna, enda er þar með verið að ganga gegn tilgangi laganna um öryggi matvæla, þar sem viðkomandi matvælaframleiðendur þurfi þá ekki að uppfylla ákvæði þau sem þar koma fram.

Hins vegar ef breytingin er sett inn í 9. gr. laganna, sbr. **þingskjál 61**, er ábyrgð viðkomandi framleiðenda tryggð og er auk þess í ákveðnu samræmi við undanþágu sem er þegar í gildi samkvæmt sömu grein fyrir „aðila sem halda búfé en ekki í ágóðaskyni“ (sbr. 5. mgr.).



Með sömu rökum leggur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands til að seinni hluta tillögunnar í þingskjali 138, fari undir 9. grein laganna, þ.e. varðandi sölu matvæla þar sem um er að ræða frumframleiðendur sem afhenda frumframleiðsluvörur í litlu magni beint til neytenda eða til staðbundins smásöluvirkis.

Varðandi þennan lið frumvarpsins leggur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands skýra áherslu á að þar sé ekki verið að undanskilja fyrirtæki og einstaklinga frá starfsleyfisskyldu heldur er þar verið að slaka aðeins á kröfum á þeim forsendum að um sé að ræða lítið magn, takmarkaða dreifingu og hefðbundna framleiðslu sem ekki er hefð fyrir annars staðar en á Íslandi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er hér að mæla með því með því að breytingin komi inn í 9. grein laganna líkt og breytingartillagan skv. þingskjali nr. 61 gerir ráð fyrir, með þeim rökum að ekki megi ganga gegn tilgangi laganna varðandi öryggi matvælna.

Ennfremur vill Heilbrigðiseftirlit Suðurlands benda á að nauðsynlegt sé að þrátt fyrir að um góðgerðarstarfsemi sé að ræða sbr. a lið tillögunnar, verði hún að minnsta kosti tilkynningarskyld til viðkomandi eftirlitsaðila, enda sé þá metið hvort viðkomandi uppfylli þau skilyrði sem undanþágan býður upp á, um leið og veitt er lögbundin fræðsla og leiðbeiningar varðandi lágmarksbúnað og merkingar (m.a. ofnæmis- og óþolsvalda) til að tryggja öryggi matvælna.

hvað varðar 2. grein tillögu í þingskjali 138 gerir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ekki athugasemdir við hana heldur telur hana nauðsynlega til framkvæmda/útfærslu laganna.

Ennfremur er nauðsynlegt að setja fram landsreglur, sbr. lið 6) í formála reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustu er varða matvæli.

Landsreglur þessar þurfa að taka á og skýra betur:

- hvað er „lítið magn“, þegar um er að ræða matvælaframleiðslu,
- hvernig túlka beri hugtakið „heimamarkaður“,
- hvaða fyrirtæki eru undanskilin samþykkisnúmeri – hvaða skilyrði þau þurfi að uppfylla, sem eru samt sem áður að framleiða matvæli úr dýraafurðum.

Slíkar landsreglur þarf að setja nú þegar, til að hægt sé að framfylgja lögunum. Ekki er forsvaranlegt að setja of íþyngjandi kröfur á örlitil fyrirtæki sem einungis eru með takmarkaða framleiðslu á innanlandsmarkaði og hafa ekki áform um að vera „í frjálsum flæði“ á Evrópumarkaði og hafa hreinlega ekki bolmagn til.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi